


Nr.:	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:		
Samþykkt:		
Síða 1 í 2	TRÉS1HV08	

Kennari/kennarar: Sigurgeir Sveinsson	Netfang/netföng: sigurgeir@fva.is
---	---

Námsgögn: Handverkfæri byggingagreina./ Gögn frá kennara bæði á Innu og skrifstofu skólans.

Lýsing: Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og rafmagnshandverkfæra, trésmíðningar. Haldið er áfram umfjöllun um efnisfræði tréiðna þar sem ítarlegar er farið í ýmsa eðliseiginleika viðar, flokkun, merkingar og þurrkun. Tekið er fyrir val og umhirða á verkfærum s.s. stillingar og brýnsla. Nemendur læra að nota hefilbekki og stilla með áherslu á góða vinnuaðstöðu við mismunandi verk. Kennslan byggist að hluta á fyrirlestur þar sem kennari útskýrir grunnatriði fyrir nemendum en stærsti hlutinn eru fjölbreytileg smíðaverkefni sem byggjast á markmiðum áfangans. Í áfanganum læra nemendur notkunhandverkfæra. Fjallað er um algengustu lofthandverkfæri sem notuð eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og viðhald

Markmið (þekking, leikni, hæfni):


Þekkingarviðmið: umgengni og notkun rafmagnshandverkfæra og öðrum handverkfærum, öryggisþáttum og viðhaldi rafmagnshandverkfæra, vinnuaðstöðu og vinnumhverfi, algengasta smíðavið og smíðisfestingum, helstu eðliseiginleikum viðar og þurrkun timburs, flokkun og merkingum timburs eftir styrk og útliti, smíðisfestingum sem notaðar eru í trésmíði, meðferð, notkunarviðum og virkni einstakra handverkfæra, uppbyggingu og notkun helstu rafmagnshandverkfæra, áhöldum til mælinga og uppmerkinga, mismunandi gerðum hverfisteina, smergela og brýnsla eggjárna.

- **Leikniviðmið:** nota áhöld til mælinga og uppmerkinga, nota mismunandi tegundir verkfæra, nota algengustu hand- og rafmagnshandverkfæri, leggja á og brýna algengustu handverkfæri, nota helstu trésmíðningar við einfalda trésmíði
lesa merkingar og flokka efni með tilliti til útlits.
- **Hæfniviðmið:** aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi, velja smíðavið fyrir einstök verkefni og rökstyðja valið, flokka timbur með hliðsjón af leiðbeiningum, beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðalista við vinnu, ganga úr skugga um gæði smíðishluta fyrir samsetningu, nota þvingur markvisst til að fá smíðishlut réttan í límingu, mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp, velja rétt lofthandverkfæri með hliðsjón af verkefni

Kennsluhættir: Unnið með teikningar og verkefni útfærð samkvæmt fyrirmælum kennara. Kennsla fer að mestu fram í bekkjal verkstæðis ásamt því að hluti verkefna er unnin í vélasal.

Námsmat: 80% Leiðsagnarmat í verkefnavinnu. Klára og skila öllum verkefnum fullunnum
Verklegt lokapróf vegur 20%

Annað: Kennari áskilur sér rétt að breyta áætlun ef þurfa þykir.

Nr.:	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:		
Samþykkt:		
Síða 2 í 2	TRÉS1HV08	

Áfanginn er unninn á verkstæði skólans, í kennslustofu og heimsóknum á vinnustaði

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Í kennslustundum skal vera vinnufriður og notkun snjalltækja bönnuð nema með leyfi kennara. Gerð er krafa um mætingu samkvæmt reglum skólans. Þessi áfangi er verkefna-tengdur við áfangan TRES1VÁ05

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	21-24. ág	Kynning á áfanganum og aðstæðum	
2	27-31 ág	Verkefni 1 blöðun	
3	3-7. sept	Verkefni 2 geirungsblöðun	
4	10-14. sept	Verkefni 3 Geirnegling (opin)	
5	17-21 sept	Verkefni 4 Bakki -töppun –brýnsla verkfæra	
6	24-28 sept	Verkefni 4 Bakki -töppun –brýnsla verkfæra	
7	1- 5 okt	Verkefni 4 Bakki -töppun –brýnsla verkfæra	
8	8-12 okt	Verkefni 4 Bakki -töppun –brýnsla verkfæra	
9	15-19 okt	Miðannarfrí 18 og 19	
10	22-26 okt	Verkefni 4 klárað	
11	30-okt-2 nóv	Verkefni 5 Rúm	
12	5-9 nóv	Verkefni 5 Rúm	
13	12-16 nóv	Verkefni 5 Rúm	
14	19-23 nóv	Verkefni 5 Rúm	
15	26-30 nóv	Verkefni 5 Rúm	
16	3-7 des	Verkefni 5 Rúm og frágangur og verklegt lokapróf	
17	11-14 des	Frágangur og lokapróf	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.